



Fundur háskólaráðs 30. ágúst 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 22.08.2007
Dags: 30.08.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

11/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 30. ágúst var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rúnar Vilhjálmsson, Yngvi Eiríksson (varamaður Þóris Hrafns Gunnarssonar) og Þórdís Kristmundsdóttir. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Helstu verkefni framundan í starfi Háskóla Íslands. Funda- og starfsáætlun háskólaráðs 2007-2008.

– Rektor gerði ítarlega grein fyrir helstu viðburðum og verkefnum framundan í starfi Háskóla Íslands. Málið var rætt.

1.2 Ársfundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

Undir þessum lið var haldinn ársfundur Vísindagarða ehf., en samkvæmt samþykktum félagsins (3.2.) skal aðalfundur haldinn fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.

Mál á dagskrá

1. Hagur félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.

Eiríkur Hilmarsson, framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., greindi f.h. stjórnar frá starfsemi félagsins á liðnu starfsári. Fyrir fundinum lá skýrsla stjórnar félagsins fyrir starfsárið 2006. Málið var rætt ítarlega og svaraði Eiríkur framkomnum spurningum og athugasemdum.

2. Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðanda.

Eiríkur Hilmarsson gerði f.h. stjórnar grein fyrir framlögðum ársreikningi ásamt athugasemdum óháðs endurskoðanda og var hann samþykktur einróma.

3. Kjör stjórnar félagsins og endurskoðanda.

Kosin var ný stjórn Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. og er hún skipuð Hilmari Janussyni, framkvæmdastjóra rannsóknar- og þróunarviðs Össurar hf., sem er formaður, Frosta Sigurjónssyni, forstjóra Dohop, Ingibjörgu Pálmadóttur, fjárfesti, Ingjaldi Hannibalssyni, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild og Magnúsi Tuma Guðmundssyni, prófessor við raunvísindadeild. Samþykkt var tillaga um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga félagsins, en í 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun segir: „Eigi ríkissjóður helmings hlut eða meira í hlutafélagi [...] þar sem endurskoðandi er kosinn á aðalfundi, skal gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga þess aðila.“

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
Ekki var um að ræða hagnað, tap, arð eða framlög í varasjóð á árinu 2006.

5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna.

Eiríkur Hilmarsson greindi frá þeirri tillögu formanns stjórnar að viðhalda fyrri venju og greiða ekki laun til stjórnarmanna á starfsárinu 2007. Samþykkt einróma.

6. Önnur mál löglega upp borin.

Engin önnur mál voru upp borin.

Að lokinni formlegri dagskrá þakkaði rektor Eiríki Hilmarsyni, framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands ehf., fyrir afar vel unnin störf í þágu félagsins. Einnig færði rektor Hilmari Janussyni, formanni stjórnar, þakkir og hamingjuóskir fyrir mikilsverða alþjóðlega viðurkenningu sem honum hlotnaðist fyrir skömmu.

Ársfundi Vísindagarða ehf. slitið.

1.3 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands. Staða mála.

Rektor og Ólafur Þ. Harðarsson, formaður starfshóps háskólaráðs um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands, gerðu grein fyrir stöðu málsins og áætlun um lúkningu þess á háskólafundi 19. október nk. og í háskólaráði strax í kjölfarið. Málið var rætt og svöruðu rektor og Ólafur framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.4 Þátttaka Háskóla Íslands í orkuskólum.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og verður það áfram á dagskrá ráðsins.

1.5 Fjárhagsstaða Háskólans 2007, yfirlit eftir sjö mánuði.

Rektor gerði grein fyrir framlögðu yfirliti yfir rekstur Háskóla Íslands fyrstu sjö mánuði ársins. Málið var rætt og svaraði rektor framkomnum spurningum.

1.6 Kjör varaforseta háskólaráðs 2007-2008, sbr. 4. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999.

Rektor bar upp tillögu um að Ólafur Þ. Harðarson verði endurkjörinn varaforseti háskólaráðs háskólaárið 2007-2008.

– Samþykkt einróma. Þakkaði rektor Ólafi fyrir að gefa kost á sér.

1.7 Tillaga um að brautskráningarathöfn vorið 2008 verði laugardaginn 14. júní.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Samþykkt einróma.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.

a. Tillögur frá félagsvísindadeild um breytingu á reglum um meistaranám í deildinni, diplómanám í mannfræði og siðareglum deildarinnar.

– Samþykkt einróma.

b. Tillaga frá lagadeild að reglum um lögfræði sem aukagrein fyrir stúdenta í BA- og BS-námi við aðrar deildir Háskólans.

– Samþykkt einróma.

c. Tillaga frá stjórn Siðfræðistofnunar að breytingum á reglum um stofnunina.

– Samþykkt einróma.

2.2 Stjórnir, nefndir og ráð.

a. Öryggisnefnd skipuð skv. 6. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Skipun nefndarinnar, fjórir fulltrúar, sbr. síðasta fund.

– Frestað.

b. Listasafn Háskóla Íslands. Kjör þriggja manna stjórnar, sbr. síðasta fund.

– Frestað.

c. Hugverkanefnd. Skipun nefndarinnar, sbr. síðasta fund.

– Samþykkt einróma að hugverkanefnd verði skipuð þeim Guðmundi G. Haraldssyni, prófessor við raunvísindadeild, Torfa Magnússyni, forstöðumanni rannsókn- og þróunarstarfs Landspítala - háskólasjúkrahúss og Þórdísi Kristmundsdóttur, prófessor við lyfjafræðideild. Nefndin er skipuð til tveggja ára.

2.3 Erindi frá nemanda í læknadeild: Tilhögun kennslumissera og próftímabila við læknadeild Háskóla Íslands, dags. 16. apríl sl. Umsögn læknadeildar, dags. 4. júlí sl.

Gerð var grein fyrir málinu og það rætt.

– Samþykkt einróma að fela rektor að svara erindinu í samræmi við umsögn læknadeildar.

2.4 Eftirfylgni í kjölfar skýrsla sérfræðingahópa (sbr. lið 3.2) um umsóknir Háskóla Íslands um viðurkenningu á fræðasviðum náttúruvísinda, hugvísinda og verk- og tæknivísinda.

Rektor reifaði málið og var falið að undirbúa frekari umfjöllun í háskólaráði og háskólasamfélagi.

2.5 Erindi frá formanni stjórnar Háskólabíós, dags. 17. ágúst sl., um heimild til að veita fasteignaveð í byggingum Háskólabíós vegna lántöku.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Samþykkt einróma.

2.6 Tillögur heilbrigðisvísindadeilda um viðurkenningu Háskóla Íslands á akademísku hæfi starfsmanna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, sbr. 6. gr. reglna nr. 838/2002.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

– Samþykkt einróma.

2.7 Tillaga um aðild Háskóla Íslands að Rannsókn- og þróunarstarfi um vottun jafnlaunastefnu með Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst, dags. 29. ágúst sl.

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs, og gerði grein fyrir málinu.

– Samþykkt einróma að fela Ingu Jónu Þórðardóttur, fulltrúa þjóðlífs í háskólaráði, og Ólafi Þ. Harðarsyni, varaforseta ráðsins að fara, ásamt Þórði Kristinssyni og Guðmundi R. Jónssyni, sviðsstjórum, yfir málið og gera tillögu til rektors um afgreiðslu þess.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Skýrslur sérfræðingahópa vegna umsókna Háskóla Íslands um viðurkenningu á fræðasviðum náttúruvísinda (22.5.07), hugvísinda (30.5.07) og verk- og

tæknivísinda (15.6.07).

3.2 Skýrsla Ríkisendurskoðunar „Framkvæmd fjárlaga árið 2006“, ágúst 2007.

3.3 Bréf frá umboðsmanni Alþingis, dags.13. júní sl. um skil á einkunnum.

Að lokinni formlegri dagskrá bauð rektor fulltrúum í háskólaráði að vera viðstaddir afhendingu verðlauna vegna samkeppni um listaverk sem prýða mun Háskólatorg.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.30.